**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 715/2014** **2015/EES/23/49**

**frá 26. júní 2014**

**um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1166/2008 um kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum og könnun á framleiðsluaðferðum í landbúnaði að því er varðar skrána yfir skráningaratriði sem á að safna í könnuninni á framleiðsluskipan á bújörðum fyrir árið 2016** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1166/2008 frá 19. nóvember 2008 um kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum og könnun á framleiðsluaðferðum í landbúnaði ([1]), einkum 2. mgr. 7. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (EB) nr. 1166/2008 er kveðið á um áætlun um kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum til 2016.

2) Þörf er á að safna gögnum til að fylgjast með framkvæmd ráðstafana sem tengjast endurskoðun á sameiginlegu landbúnaðarstefnunni eftir 2013. Að auki er þörf á að safna gögnum til að fylgjast með framkvæmd ráðstafana sem tengjast dreifbýlisþróun ([2]).

3) Vöntun er á tölfræðilegum upplýsingum um notkun næringarefna, áveitu og framleiðsluaðferðir í landbúnaði sem tengjast skipulagsupplýsingum í sjálfstæðum búrekstrareiningum. Því er þörf á úrbótum í upplýsingasöfnun um notkun næringarefna, vatnsnotkun og framleiðsluaðferðir í landbúnaði hjá búum, til að ná fram viðbótarhagtölum um þróun umhverfisvæns landbúnaðar og til að bæta gæði umhverfisvísbenda í landbúnaði.

4) Breyting á skránni yfir skráningaratriði er byggð á meginreglunni um að heildarálagið verði áfram í óbreytt, þar sem þær breytur, sem eru úreltar vegna breytinga á tengdri löggjöf eða vegna þess að breytum, sem falla niður í könnuninni fyrir 2016, er sleppt í eitt skipti á meðan öðrum er bætt við, til að bregðast við vaxandi og breytilegri þörf fyrir tölfræðilegar upplýsingar í landbúnaði sem tengjast nýrri sameiginlegri landbúnaðarstefnu fram til ársins 2020, einkum með tilliti til aukins árangurs í umhverfismálum og tengdra nauðsynlegra upplýsinga um umhverfisvænan landbúnað, og jafnframt með það í huga að fjárframlag ESB til könnunarinnar haldist stöðugt.

5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1166/2008 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um landbúnaðarskýrslur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1166/2008 komi viðaukinn við reglugerð þessa.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 190, 28.6.2014, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2015 frá 20. mars 2015 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 321, 1.12.2008, bls. 14.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1305/2013 frá 17. desember 2013 um stuðning Dreifbýlisþróunarsjóðs evrópsks landbúnaðar (EAFRD) við dreifbýlisþróun og niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1698/2005 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 487).

*2. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. júní 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

*VIÐAUKI*

*„III. VIÐAUKI*

**Skrá yfir skráningaratriði í könnunum á framleiðsluskipan á bújörðum fyrir 2016**

| SKRÁNINGARATRIÐI | EININGAR/FLOKKAR |
|---|---|
| I. **Almenn skráningaratriði** | |
| – Staðsetning búrekstrareiningar ([1]) | |
| – – NUTS ([2]) 3 svæði | Kóði flokkunar hagskýrslusvæða (NUTS 3) |
| – – Er búrekstrareiningin á harðbýlu svæði? | L/M/N ([3]) |
| – Lögformleg staða búrekstrareiningarinnar | |
| – – Er búrekstrareiningin almenningseign? | Já/Nei |
| – – Er lagaleg og efnahagsleg ábyrgð búrekstrareiningarinnar í umsjá: | |
| – – – einstaklings sem er eini eigandi búrekstrareiningarinnar með sjálfstæðan rekstur? | Já/Nei |
| – – – – Ef svarið við spurningunni að ofan er „já“, er sá einstaklingur (eigandi) jafnframt bústjóri? | Já/Nei |
| – – – – – Ef sá einstaklingur er ekki bústjóri, er bústjórinn í fjölskyldu eigandans? | Já/Nei |
| – – – – – Ef bústjórinn er í fjölskyldu eigandans, er bústjórinn maki eigandans? | Já/Nei |
| – – – eins eða fleiri einstaklinga sem eru samstarfsaðilar í búrekstrareiningu með sameiginlegan rekstur? | Já/Nei |
| – – – lögaðila? | Já/Nei |
| – Tegund ábúðar (sem snýr að eiganda) og búrekstrarkerfi | |
| – – Hagnýtt landbúnaðarsvæði: | |
| – – – Fyrir sjálfseignarbúskap | ha |
| – – – Fyrir leigubúskap | ha |
| – – – Fyrir samvinnubúskap eða annan búskap | ha |
| – – – Almenningur | ha |
| – Lífrænn búskapur | |
| – – Er lífrænn búskapur stundaður á búrekstrareiningunni? | Já/Nei |
| – – Upplýsingar ([4]) | |
| – – – Hagnýtt landbúnaðarsvæði á búinu í heild sinni þar sem lífrænum framleiðsluaðferðum er beitt og þær vottaðar í samræmi við innlendar reglur eða reglur Evrópusambandsins | ha |
| – – – Hagnýtt landbúnaðarsvæði á búinu í heild sinni þar sem verið er að hverfa til lífrænna framleiðsluaðferða sem votta skal samkvæmt innlendum reglum eða reglum Evrópusambandsins | ha |
| – – – Svæði búrekstrareiningar þar sem lífrænum framleiðsluaðferðum, samkvæmt innlendum reglum eða reglum Evrópusambandsins, er annaðhvort beitt og þær vottaðar eða verið er að vinna að vottun: | |
| – – – – Kornjurtir til kornframleiðslu (þ.m.t. sáðkorn) | ha |

| SKRÁNINGARATRIÐI | EININGAR/FLOKKAR |
|---|---|
| – – – – Þurrkaðar belgjurtir og prótínjurtir til kornframleiðslu (þ.m.t. fræ og blöndur úr korni og belgjurtum) | ha |
| – – – – Kartöflur (þ.m.t. sumarkartöflur og útsæðiskartöflur) | ha |
| – – – – Sykurrófur (þó ekki fræ) | ha |
| – – – – Olíufræsjurtir | ha |
| – – – – Ferskt grænmeti, melónur og jarðarber | ha |
| – – – – Beitiland og engi, að undanskildu rýru beitilandi | ha |
| – – – – Ávaxta- og berjaplantekrur | ha |
| – – – – Sítrusplantekrur | ha |
| – – – – Ólífuplantekrur | ha |
| – – – – Vínekrur | ha |
| – – – – Önnur uppskera (trefjaplöntur o.s.frv.) þ.m.t. rýrt beitiland | ha |
| – – – Lífrænar framleiðsluaðferðir sem beitt er við búfjárframleiðslu og eru vottaðar samkvæmt innlendum reglum eða reglum Evrópusambandsins | |
| – – – – Nautgripir | Fjöldi |
| – – – – Svín | Fjöldi |
| – – – – Sauðfé og geitur | Fjöldi |
| – – – – Alifuglar | Fjöldi |
| – – – – Önnur dýr | Já/Nei |
| – – Ráðstöfun á framleiðslu búrekstrareiningarinnar: | |
| – – – Á heimilinu er neytt meira en 50% af virði endanlegra afurða búrekstrareiningarinnar | Já/Nei |
| – – – Bein sala til lokaneytenda er meira en 50% af heildarsölu búrekstrareiningarinnar | Já/Nei |
| II. **Land** | |
| – Akurland | |
| – – Kornjurtir til kornframleiðslu (þ.m.t. sáðkorn): | |
| – – – Hveiti og spelt | ha |
| – – – Harðhveiti | ha |
| – – – Rúgur | ha |
| – – – Bygg | ha |
| – – – Hafrar | ha |
| – – – Maískorn | ha |
| – – – Hrísgrjón | ha |
| – – – Aðrar kornjurtir til kornframleiðslu | ha |
| – – Þurrkaðar belgjurtir og prótínjurtir til kornframleiðslu (þ.m.t. fræ og blöndur úr korni og belgjurtum) | ha |
| – – – þar af ertur, garðbaunir og sætar úlfabaunir | ha |

| SKRÁNINGARATRIÐI | EININGAR/FLOKKAR |
|---|---|
| – – Kartöflur (þ.m.t. sumarkartöflur og útsæðiskartöflur) | ha |
| – – Sykurrófur (þó ekki fræ) | ha |
| – – Fóðurrætur- og hnýði og kál (þó ekki fræ) | ha |
| – – Iðnaðarplöntur: | |
| – – – Tóbak | ha |
| – – – Humlar | ha |
| – – – Baðmull | ha |
| – – – Repja og nepja | ha |
| – – – Sólblóm | ha |
| – – – Soja | ha |
| – – – Hörfræ (olíuhör) | ha |
| – – – Aðrar olíufræsjurtir | ha |
| – – – Hör | ha |
| – – – Hampur | ha |
| – – – Aðrar trefjaplöntur | ha |
| – – – Ilmjurtir, jurtir til lækninga og matjurtir | ha |
| – – – Aðrar iðnaðarplöntur, ót.a. | ha |
| – – Ferskt grænmeti, melónur og jarðarber, þar af: | |
| – – – Úti eða undir lágu (ómanngengu) skýli | ha |
| – – – – Blönduð akuryrkja | ha |
| – – – – Garðyrkja í atvinnuskyni | ha |
| – – – Í gróðurhúsi eða öðru (manngengu) skýli | ha |
| – – Blóm og skrautjurtir (þó ekki í gróðrarstöðvum): | |
| – – – Úti eða undir lágu (ómanngengu) skýli | ha |
| – – – Í gróðurhúsi eða öðru (manngengu) skýli | ha |
| – – Plöntur sem eru skornar í grænfóður: | |
| – – – Skammær grös | ha |
| – – – Aðrar plöntur sem eru skornar áður en þær verða fullþroska: | |
| – – – – Óþroskaður maís | ha |
| – – – – Jurtir af belgjurtaætt | ha |
| – – – – Aðrar plöntur sem eru skornar áður en þær verða fullþroska, ót.a. | ha |
| – – Fræ og ungplöntur á akurlandi | ha |
| – – Aðrar nytjaplöntur á akurlandi | ha |
| – – Hvíldarland | ha |

| SKRÁNINGARATRIÐI | EININGAR/FLOKKAR |
|---|---|
| – Heimilisgarðar | ha |
| – Fastagraslendi | ha |
| – – Beitiland og engi, að undanskildu rýru beitilandi | ha |
| – – Rýrt beitiland | ha |
| – – Fastagraslendi sem ekki er lengur notað í framleiðsluskyni og fellur undir reglur um greiðslur styrkja | ha |
| – Fjölærar nytjaplöntur | |
| – – Ávaxta- og berjaplantekrur | ha |
| – – – Ávaxtategundir, þar af: | ha |
| – – – – Úr tempruðu beltunum | ha |
| – – – – Úr heittempruðu beltunum | ha |
| – – – Ber | ha |
| – – – Hnetur | ha |
| – – Sítrusplantekrur | ha |
| – – Ólífuplantekrur | ha |
| – – – Gefa að jafnaði af sér ólífur til átu | ha |
| – – – Gefa að jafnaði af sér ólífur til olíuframleiðslu | ha |
| – – Vínekrur sem gefa að jafnaði af sér: | ha |
| – – – Gæðavín | ha |
| – – – Önnur vín | ha |
| – – – Vínber til neyslu | ha |
| – – – Rúsínur | ha |
| – – Gróðrarstöðvar | ha |
| – – Aðrar fjölærar nytjaplöntur | ha |
| – – Fjölærar nytjaplöntur ræktaðar í gróðurhúsi | ha |
| – Annað land | |
| – – Ekki hagnýtt land til landbúnaðar | ha |
| – – Skóglendi | ha |
| – – – þar af kjarrskógur með stuttan skiptiræktunartíma | ha |
| – – Annað land (með byggingum, bæjarhlöðum, vegum, tjörnum, grjótnámum, gróðursnauðu landi, grýttum jarðvegi o.s.frv.) | ha |
| – Ætisveppir | ha |
| – Orkuplöntur | ha |
| – Áveita | |
| – – Áveitusvæði | |
| – – – Heildaráveitusvæði | ha |

| SKRÁNINGARATRIÐI | EININGAR/FLOKKAR |
|---|---|
| – – – Heildarsvæði ræktaðs lands sem hefur verið vökvað a.m.k. einu sinni á síðustu 12 mánuðum | ha |
| – – Vökvunaraðferðir sem eru notaðar | |
| – – – Yfirborðsáveita (flóð, skurðir) | Já/Nei |
| – – – Vökvunarbúnaður | Já/Nei |
| – – – Dreypivökvun | Já/Nei |
| – – Vatnslindir til vökvunar í búrekstrareiningunni: | |
| – – – Grunnvatn á býlinu | Já/Nei |
| – – – Yfirborðsvatn á býlinu (tjarnir eða stíflur) | Já/Nei |
| – – – Yfirborðsvatn utan býlis úr vötnum, ám eða vatnsföllum | Já/Nei |
| – – – Vatn utan býlis úr sameiginlegu vatnsveitukerfi | Já/Nei |
| – – – Önnur uppspretta | Já/Nei |
| III. **Búfé** | |
| – Dýr af hestaætt | Fjöldi |
| – Nautgripir: | |
| – – Nautgripir yngri en eins árs, nautkálfar og kvígur | Fjöldi |
| – – Nautgripir sem eru a.m.k. eins árs en yngri en tveggja ára, nautkálfar | Fjöldi |
| – – Nautgripir sem eru a.m.k. eins árs en yngri en tveggja ára, kvígur | Fjöldi |
| – – Naut, tveggja ára og eldri | Fjöldi |
| – – Kvígur, tveggja ára og eldri | Fjöldi |
| – – Mjólkurkýr | Fjöldi |
| – – Aðrar kýr | Fjöldi |
| – Sauðfé og geitur: | |
| – – Sauðfé (á öllum aldri) | Fjöldi |
| – – – Kvendýr til undaneldis | Fjöldi |
| – – – Annað sauðfé | Fjöldi |
| – – Geitur (á öllum aldri) | Fjöldi |
| – – – Kvendýr til undaneldis | Fjöldi |
| – – – Aðrar geitur | Fjöldi |
| – Svín: | |
| – – Smágrísir undir 20 kílóum að lífþyngd | Fjöldi |
| – – Gyltur til undaneldis sem vega 50 kíló og meira | Fjöldi |
| – – Önnur svín | Fjöldi |
| – Alifuglar: | |
| – – Holdakjúklingar | Fjöldi |

| SKRÁNINGARATRIÐI | EININGAR/FLOKKAR |
|---|---|
| – – Varphænur | Fjöldi |
| – – Aðrir alifuglar: | Fjöldi |
| – – – Kalkúnar | Fjöldi |
| – – – Endur | Fjöldi |
| – – – Gæsir | Fjöldi |
| – – – Strútar | Fjöldi |
| – – – Aðrir alifuglar, ót.a. | Fjöldi |
| – Kanínur, kvendýr til undaneldis | Fjöldi |
| – Býflugur | Býkúpur |
| – Búfé, ót.a. | Já/Nei |
| IV. **Vinnuafl** | |
| IV. i. *Störf í búrekstrareiningunni* | |
| – Eigandi | |
| – – Kyn | Karl/kona |
| – – Aldur | Aldursflokkar (5) |
| – – Störf í búrekstrareiningunni (að heimilisstörfum undanskildum) | Ársverk, hundraðs-hlutaflokkur 1 (6) |
| – Bústjóri | |
| – – Kyn | Karl/kona |
| – – Aldur | Aldursflokkar (5) |
| – – Störf í búrekstrareiningunni (að heimilisstörfum undanskildum) | Ársverk, hundraðs-hlutaflokkur 2 (7) |
| – Þjálfun bústjóra | |
| – – Búfræðimenntun bústjóra | Menntunarkóðar (8) |
| – – Starfsþjálfun sem bústjórinn hefur undirgengist á síðustu 12 mánuðum | Já/Nei |
| – Fjölskyldumeðlimir eina eiganda búrekstrareiningarinnar sem starfa við búið: karlar | |
| – – Störf í búrekstrareiningunni (að heimilisstörfum undanskildum) | Ársverk, hundraðs-hlutaflokkur 2 |
| – Fjölskyldumeðlimir eina eigenda búrekstrareiningarinnar sem starfa við búið: konur | |
| – – Störf í búrekstrareiningunni (að heimilisstörfum undanskildum) | Ársverk, hundraðs-hlutaflokkur 2 |
| – Utanaðkomandi fastráðnir starfsmenn: karlar | |
| – – Störf í búrekstrareiningunni (að heimilisstörfum undanskildum) | Ársverk, hundraðs-hlutaflokkur 2 |
| – Utanaðkomandi fastráðnir starfsmenn: konur | |
| – – Störf í búrekstrareiningunni (að heimilisstörfum undanskildum) | Ársverk, hundraðs-hlutaflokkur 2 |
| – Utanaðkomandi lausráðnir starfsmenn karlar og konur | Vinnudagar í fullu starfi |

| SKRÁNINGARATRIÐI | EININGAR/FLOKKAR |
|---|---|
| IV. ii. *Tekjur af annarri starfsemi Önnur störf en landbúnaðarstörf í búrekstrareiningunni (sem tengjast búrekstrareiningunni ekki beint) og störf utan búrekstrareiningarinnar* | |
| – Önnur tekjuskapandi starfsemi eiganda sem einnig er bústjóri: | M/S/N (9) |
| – Önnur tekjuskapandi starfsemi annarra fjölskyldumeðlima eina eigandans: meginstarfsemi | Fjöldi einstaklinga |
| – Önnur tekjuskapandi starfsemi annarra fjölskyldumeðlima eina eigandans: aukastarfsemi | Fjöldi einstaklinga |
| V. **Önnur tekjuskapandi starfsemi í búrekstrareiningunni (sem tengist henni beint)** | |
| V. i. *Skrá yfir aðra tekjuskapandi starfsemi* | |
| – Framboð á heilbrigðis- og félagsþjónustu og menntamálum | Já/Nei |
| – Ferðaþjónusta, gistiaðstaða og önnur frístundastarfsemi | Já/Nei |
| – Handverk | Já/Nei |
| – Vinnsla landbúnaðarafurða | Já/Nei |
| – Framleiðsla endurnýjanlegrar orku | Já/Nei |
| – Timburvinnsla (t.d. sögun) | Já/Nei |
| – Lagareldi | Já/Nei |
| – Verktakavinna (þar sem framleiðsluþættir búrekstrareiningarinnar eru notaðir) | |
| – – Tengd landbúnaði (fyrir aðrar búrekstrareiningar) | Já/Nei |
| – – Ótengd landbúnaði | Já/Nei |
| – Skógrækt | Já/Nei |
| – Annað | Já/Nei |
| – Hver tekur þátt? | |
| – – Eigandi sem er einnig bústjóri | M/S/N (9) |
| – – Aðrir fjölskyldumeðlimir eina eigandans, sem meginstarfsemi þeirra | Fjöldi einstaklinga |
| – – Aðrir fjölskyldumeðlimir eina eigandans, sem aukastarfsemi þeirra | Fjöldi einstaklinga |
| – – Aðilar, utan fjölskyldunnar, sem starfa reglulega á búrekstrareiningunni, sem er meginstarfsemi þeirra | Fjöldi einstaklinga |
| – – Aðilar, utan fjölskyldunnar, sem starfa reglulega á búrekstrareiningunni, sem er aukastarfsemi þeirra | Fjöldi einstaklinga |
| V. ii. *Mikilvægi annarrar tekjuskapandi starfsemi sem tengist búrekstrareiningunni beint* | |
| – Hundraðshluti af heildarframleiðslu búrekstrareiningarinnar | Hundraðshluta-flokkar (10) |
| VI. **Stuðningur við dreifbýlisþróun** | |
| – Á síðastliðnum þremur árum hefur búrekstrareiningin notið góðs af einni af ráðstöfununum á sviði dreifbýlisþróunar (11) | Já/Nei |
| – – Þátttöku bænda í áætlunum um gæði matvæla | Já/Nei |
| – – Greiðslur tengdar Evrópuneti verndarsvæða og rammatilskipun um vatn (12) | Já/Nei |
| – – Greiðslur fyrir umhverfisvænan landbúnað – greiðslur vegna loftslags | Já/Nei |

| SKRÁNINGARATRIÐI | | EININGAR/FLOKKAR |
|---|---|---|
| | – – Lífrænn búskapur | Já/Nei |
| | – – Greiðslur vegna dýravelferðar | Já/Nei |
| | – – Fjárfestingar í efnislegum eignum | Já/Nei |
| | – – Forvarnir og enduruppbygging á landbúnaðarframleiðslu sem hefur orðið fyrir skaða vegna náttúruhamfara og hamfara | Já/Nei |
| | – – Landbúnaðar- og fyrirtækjaþróun | Já/Nei |
| | – – Fjárfestingar í þróun skógarsvæða og lífvænleika skóga | Já/Nei |
| | – – Nýskógrækt og gerð skóglendis | Já/Nei |
| | – – Stofnun landbúnaðarskógræktarkerfa | Já/Nei |
| | – – Forvarnir og enduruppbygging vegna skaða á skógum | Já/Nei |
| | – – Fjárfestingar sem bæta viðnámsþrótt og umhverfislegt gildi skóga | Já/Nei |
| | – – Fjárfestingar í tækniþekkingu í skógrækt og úrvinnsla til virkjunar og markaðssetningar á skógræktarafurðum | Já/Nei |
| | – – Greiðslur til svæða sem standa frammi fyrir náttúrulegum eða öðrum sértækum takmörkunum | Já/Nei |
| | – – Þjónusta á sviði umhverfisvænnar skógræktar og til verndunar skóga | Já/Nei |
| | – – Áhættustýring | Já/Nei |
| VII. | **Starfsvenjur vegna meðhöndlunar jarðvegs og húsdýraáburðar á búum** | |
| | – Jarðvinnsluaðferðir ([13]) úti á akurlandi | |
| | – – Hefðbundin jarðvinnsla | ha |
| | – – Lítil jarðvinnsla | ha |
| | – – Engin jarðvinnsla (að undanskildu akurlandi úti á svæðum sem eru þakin fjölærum plöntum) | ha |
| | – Þekjandi jarðlag ([14]) úti á akurlandi | |
| | – – Venjuleg vetrarræktun | ha |
| | – – Þekjuplöntur eða milliræktun | ha |
| | – – Eftirstöðvar plantna | ha |
| | – – Ber jarðvegur | ha |
| | – – Akurland úti á svæðum með fjölærum plöntum | ha |
| | – Skiptiræktun á akurlandi | |
| | – – Hlutfall akurlands sem er nýtt í skiptræktun | Hlutfallsspönn (prósentubil) ([15]) |
| | – Vistfræðilegt áherslusvæði – heildarflatarmál jaðarsvæða, öryggissvæða, trjáa, hvíldarlands, lífvista, svæða þar sem nýskógrækt er stunduð og einkenna í landslagi | ha ([16]) |
| | – Tækni við dreifingu húsdýraáburðar | |
| | – – Breiðdreifing | |
| | – – – Engin niðurfelling | Hundraðshluti áburðar (prósentubil) ([17]) |
| | – – – Niðurfelling innan 4 klukkustunda | Hundraðshluti áburðar (prósentubil) |
| | – – – Niðurfelling eftir 4 klukkustundir | Hundraðshluti áburðar (prósentubil) |

| SKRÁNINGARATRIÐI | EININGAR/FLOKKAR |
|---|---|
| – – Ábreiðsla | |
| – – – Ábreiðsluslanga | Hundraðshluti áburðar (prósentubil) |
| – – – Niðurfellingarskór | Hundraðshluti áburðar (prósentubil) |
| – – Ídæling | |
| – – – Grunn/opin-rauf | Hundraðshluti áburðar (prósentubil) |
| – – – Djúp/lokuð-rauf | Hundraðshluti áburðar (prósentubil) |
| – Innflutningur/útflutningur húsdýraáburðar frá búrekstrareiningunni | |
| – – Hlutfall af heildarframleiðslu húsdýraáburðar, sem flutt er úr búrekstrareiningunni | Tonn |
| – – Innflutningur húsdýraáburðar til búrekstrareiningarinnar | Tonn |

(1) Landfræðileg samræmingargögn verða ekki lögð fram 2016.
(2) Flokkun hagskýrslusvæða.
(3) L- harðbýlt svæði sem er ekki fjalllendi; M- harðbýlt svæði sem er í fjalllendi; N- venjulegt svæði (ekki harðbýlt landbúnaðarsvæði). Þessi flokkun getur breyst í framtíðinni í ljósi þróunar á sameiginlegu landbúnaðarstefnunni (CAP) 2020.
(4) Einungis á að fylla út í þennan lið ef svarið við fyrri spurningunni var „Já“.
(5) Aldursflokkar: (frá þeim aldri er skólaskyldu lýkur – 24 ára aldurs), (25–34), (35–39), (40-44), (45–54), (55–64), (65 og eldri).
(6) Ársverk, hundraðshlutaflokkur 1: (0), (> 0–< 25), (≥ 25–< 50), (≥ 50–< 75), (≥ 75–< 100), (100).
(7) Ársverk, hundraðshlutaflokkur 2: (> 0-< 25), (≥ 25-< 50), (≥ 50-< 75), (≥ 75-< 100), (100).
(8) Þjálfunarkóðar: (aðeins fengin reynsla af landbúnaði), (grunnnám í búfræði), (hefur lokið námi í búfræði).
(9) M — meginstarfsemi, S — aukastarfsemi, N — engin starfsemi
(10) Hundraðshlutaflokkar: (≥ 0-≤ 10), (> 10-≤ 50), (> 50-< 100).
(11) Ráðstafanir vegna dreifbýlisþróunar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1305/2013 frá 17. desember 2013 um stuðning Dreifbýlisþróunarsjóðs evrópsks landbúnaðar (EAFRD) við dreifbýlisþróun og niðurfelling reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1698/2005 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 487) – þessi skráningaratriði skulu vera aðgengileg hjá stjórnsýsluheimildum.
(12) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjtíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1).
(13) Akurland úti á svæði sem eru í hefðbundinni jarðvinnslu + akurland úti á svæði þar sem er lítil jarðvinnsla + akurland úti á svæði þar sem er engin jarðvinnsla + akurland á svæði þar sem eru fjölærar plöntur = heildarsvæði úti á akurlandi.
(14) Akurland úti á svæði þar sem plantað hefur verið venjulegri vetraruppskeru + akurland úti á svæði þar sem plantað hefur verið þekjuplöntum eða millirræktun + akurland úti á svæði sem er þakið jurtaleifum + akurland úti á svæði sem er með berum jarðvegi + akurland úti á svæði sem er þakið fjölærum plöntum= heildarsvæði úti á akurlandi.
(15) Hlutfallaþrep akurlands: (0), (> 0-< 25), (≥ 25-< 50), (≥ 50-< 75), (≥ 75).
(16) Einungis ætti að vera tilkynnt frá býlum sem eru með meira en 15 ha akurland.
(17) % af heildar húsdýraáburði sem settur er á með sérstakri tækni við notkun: (0), (> 0-< 25), (≥ 25-< 50), (≥ 50-< 75), (≥ 75-< 100), (100)“